

STARFSLEYFI

UST202008-171

Urðun úrgangs

Sorpurðun Vesturlands hf.

Starfsstöð: Fíflholtum, Borgarbyggð
Lögheimili: Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi
Kt.: 530697-2829

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sorpurðun Vesturlands hf., kt. 530697-2829, fyrir urðun úrgangs á urðunarstaðnum í Fíflholtum, landeignarnúmer L135995, Borgarbyggð. Sorpurðun Vesturlands hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til urðunarstaðar sem staðsettur er við hlið eldri urðunarstaðar, sbr. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Starfsleyfið tekur ekki til eldri urðunarstaðarins (Viðauki 1).

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

- I. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 25.000 tonn af úrgangi á ári. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða eru eftirfarandi:
 - a. Allur úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
 - b. Stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja viðmiðum um móttöku sem settar eru í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Ekki skal urða stöðug, óvirk spilliefni í reinum eða hólfum sem ætluð eru undir lífrænan úrgang. Skrá skal staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni. Meðhöndlun asbestúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði tl. 2.3.3 í II. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 5. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang.

Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða spilliefni (nema stöðugan, óvirkan asbestúrgang) á urðunarstaðnum.

- II. Heimilt er að gera tilraunir með endurnýtingu flokkaðs úrgangs í samráði við útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila.

Tilraunir með endurnýtingu úrgangs sem valdið getur umtalsverðum óþrifnaði, ónæði eða mengun er þó einungis heimilt að gera að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Í slíkum tilfellum skal rekstraraðili gera grein fyrir tilgangi, markmiðum, umfangi og aðferðum tilraunastarfseminnar áður en til framkvæmdar hennar kemur.

Útgefandi starfsleyfis eða eftirlitsaðili getur hafnað eða stöðvað tilraunastarfsemi hvenær sem er ef ekki verður staðið við framangreind skilyrði eða ef mengun frá henni er talin óásættanleg. Óheimilt er að gera tilraunir með úrgang sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016. Eftir atvikum geta tilraunir með endurnýtingu verið háðar öðrum leyfum og ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum.

Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Óheimilt er að urða sérsafnaðan heimilísúrgang, sbr. 10. gr. laga nr. 55/2003¹.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Brennsla úrgangs á urðunarstaðnum er bönnuð.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

¹ Eftir 1. janúar 2023 skv. lögum nr. 103/2021.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun skal vera til staðar til bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkviliði Borgarbyggðar viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megj út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef vöktun leiðir í ljós að ástandi grunnvatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda

útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.8 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum og að nýta orku vel. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða. Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna elda. Brennanlegum úrgangi, sem geymdur er, skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum eða gróðri en sem nemur 8 metrum.

Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er, s.s. með því að koma úrgangi sem berst til endurnýtingar ef slík ráðstöfunarleið er fyrir hendi.

2.2 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Skal rekstraraðili útbúa áætlun um mótvægisáðgerðir til að bregðast við ágangi meindýra.

2.3 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan fulltrúa utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun.

Vinna á athafnasvæði skal vera á ábyrgð tilgreinds starfsmanns hverju sinn, sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

Tryggja skal að starfsmenn hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við. Upplýsingar þar að lútandi skulu ávallt vera tiltækar í starfsstöðinni.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma

upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða öðru kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið ust@ust.is). Jafnframt skal viðeigandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

2.8 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar til 30 ára. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu eða kynningarmála.

2.9 Starfsleyfistrygging

Rekstraraðili skal vera með starfsleyfistryggingu sem gildir í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Ábyrgðin skal vera að fjárhæð kr. 33 milljónir (kr. 33.000.000,-) og fylgja breytingu á vísitölu neysluverðs frá því sem hún var við útgáfu starfsleyfis.

2.10 Bráðamengunartrygging

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.11 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megji aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns eða jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal viðtæka umhverfisvernd.

3.2 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana og með því að taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og meðhöndlun á fokgjörnum úrgangi. Viðmið þurfa að vera til staðar sem takmarka urðun ef vindur fer yfir viss mörk. Fylgjast skal skipulega með foki úrgangsefna og lækka viðmið um hámarksvindstyrk í samræmi við það.

3.3 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Umhverfis urðunarstaðinn skal vera opin fráveita sem beinir yfirborðsvatni framhjá urðunarreinum og heldur grunnvatnsborði fyrir neðan botn urðunarreina. Leiða má fráveituvatnið til blöndunar við hreinsað sigvatn, áður en það er leitt í viðtaka, sbr. gr. 3.4.

Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal ennfremur vernda með eftirfarandi hætti:

- Á botni urðunarstaðarins skal nýta náttúrulegan berggrunn sem jarðfræðilegan tálma, í samræmi við lýsingar sem koma fram í starfsleyfisumsókn og áhættumati sem fylgdi umsókninni. Skal lektarstuðull tálmans að jafnaði vera að hámarki 1,5·10⁻⁷ m/s og þykkt að lágmarki 2,5 m. Reynist náttúrulegi tálminn ekki uppfylla þessi skilyrði skal leggja tilbúna þéttingu yfir hann, t.d. viðurkenndan bentónít-dúk. Hriplag skal vera á botni og skal það hafa hærra lektarstuðul en 1,0·10⁻³ m/s og vera að lágmarki 0,3 m að þykkt. Að öðru leyti skal fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn, s.s. varðandi halla á botni og fjarlægð á

milli sigvatnssöfnunarröra. Framangreind skilyrði um jarðfræðilegan tálma gilda einnig um sérstaka rein fyrir asbestúrgang.

- Í hliðum urðunarstaðarins skal nota tilbúinn jarðfræðilegan tálma með lektarstuðul að hámarki 3,7·10⁻⁷ m/s og þykkt að lágmarki 0,5 m. Að öðru leyti skal fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn, s.s. varðandi halla á hliðum og staðsetningar sigvatnssöfnunarröra.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni verði framangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

3.4 Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum. Sigvatnið skal leiða í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt út í mýrina sunnan við urðunarsvæðið. Í hreinsivirkinu skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að tryggt verði að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í viðtaka, sbr. gr. 5.3.

Viðtaki sigvatns er að lokum Norðlækur, vatnshlot nr. 104-215-R. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna starfseminnar. Urðun og jarðgerð má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi vatnshlotsins varðandi líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.7, ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hættu er á að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum skv. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Ef notuð eru íblöndunarefni við efnafræðilega hreinsun sigvatnsins skal tryggja að þau berist ekki í viðtaka.

Tryggja skal að asbesttrefjar berist ekki út í umhverfið með sigvatni frá sérstakri rein fyrir asbestúrgang.

3.5 Hauggas

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að nýta gasið en brenna það ella. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggass skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hættu steðji að heilbrigði manna.

Verði vart við leka hauggass frá gassöfnunarkerfi skal bregðast við án tafar, stöðva lekann og gera viðeigandi endurbætur á búnaði.

3.6 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Einnig skal skrá uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilísúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Meðhöndlun úrgangs sem telst til aukaafurða dýra skal uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni, önnur en stöðug óvirk spilliefni sbr. gr. 1.2, séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.4 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 10 cm að þykkt. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

5. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
- Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
- Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
- Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.6.
- Rekstur hreinsimannvirkja skv. gr. 3.4.
- Niðurstöður vöktunarmælinga, sbr. gr. 5.2.
- Daglegt magn úrkomu á staðnum.
- Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
- Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
- Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
- Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni, lækjarseti og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni og seti þar sem meðalsamsetning er dæmigerð og skulu mælingar á hauggasi gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmdina skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, grunnvatn, yfirborðsvatn og hauggas samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar	Súrefnisinnihald, pH, leiðni, níturat og ammóníum, arsen, kadmíum, blý,	Annað hvert ár, fyrst 2023; fyrir 1. okt.

			kvikasilfur, klóríð, súlfat, nítrít, fosföt, triklóretýlen og tetraklóretýlen. ²
			Hitastig, súrefnisþörf (COD)
			Lífræn halógensambönd (AOX), lífræn fosfórsambönd, lífræn tinsambönd, jarðolíur (olíúvísir C10-C40) og kolvetni, blásýrusambönd. ³
Magn sigvatns	Safnlögn frá urðunarrein	Rennsli	Einu sinni í mánuði (einnig við hverja sýnatöku)
Samsetning sigvatns	Mælibrunnar: a) ofan hreinsivirkis b) neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH ₄ ⁺), jarðolía (olíúvísir C10-C40)	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning sigvatns	Mælibrunnar: a) ofan hreinsivirkis b) neðan hreinsivirkis	Uppleyst lífrænt kolefni (DOC), nítrat (NO ₃ ⁻), köfnunarefni (N _{heid}), fosfór (P _{heid}), lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl ⁻), flúoríð (F ⁻), súlfat (SO ₄ ⁻²), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Sjötta hvert ár, fyrst 2023.
Samsetning yfirborðsvatns	Norðlækur	Mæla skal forgangsefnin samkvæmt lista III í reglugerð nr. 796/1999, sbr. breytingarreglugerð nr. 981/2015.	Sjötta hvert ár, fjórar mælingar frá júní – september, fyrst 2023.
Magn og samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	Þrýstingur, CH ₄ , CO ₂ , O ₂	Mánaðarlega
Samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	H ₂ S, H ₂	Fjórum sinnum á ári; með jöfnu millibili

Staðsetja skal mælibrunna í samráði við útgefanda starfsleyfis.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

5.3 Losunar- og umhverfismörk

Við útrás fráveituvatns í viðtaka mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum).
- Olía eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.

² Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

³ Samkvæmt reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Fyrir viðtaka gildir að vatnshlotið eigi að ná umhverfismarkmiðum sínum um mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand skv. reglugerð nr. 535/2011 og þeirri stefnumörkun sem er sett fram í vatnaáætlun.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.4.

5.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.4.

6. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, í viðauka I lið 6.5. og í viðauka II, lið 8.a og í lið 6.5 í I. viðauka og 8.a í IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, og gjald fyrir eftirlit og eftirfylgni skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfið er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaeftirlit, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 23. desember 2038.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 23. desember 2022

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Gr. 1.6: Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Gr. 5.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Gr. 5.5: Senda skal Umhverfisstofnun aðrar tilgreindar umhverfisupplýsingar fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpurðun Vesturlands hf.

1. Almenn

Þann 28. júní 2021 sendi Sorpurðun Vesturlands hf. inn umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum á Mýrum. Óskað var eftir að heimild til urðunar yrði aukin úr 15.000 tonnum af almennum úrgangi í 25.000 tonn á ári. Tillaga að starfsleyfi var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 7. nóvember til og með 5. desember 2022 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um breytingu starfsleyfisins yrði tekin. Borgarbyggð var sérstaklega gert viðvart um framkomna starfsleyfistillögu á auglýsingatíma.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 19. mars 2021. Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhuguð aukning urðunar í 25.000 tonn á ári kalli hvorki á stækkun urðunarsvæðisins né urðunarreina og hefur ekki í för með sér jarðvegsframkvæmdir eða breytingar á urðunarsvæðinu í Fíflholtum og að eingöngu sé um að ræða breytingu á starfsemi sem framkvæmdinni fylgir. Aukning síðustu ára stafar af úrgangi sem berst frá Suðurlandi.

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal leyfisveitandi, við ákvörðun um leyfi til framkvæmdar skv. 1. mgr. sömu gr., kynna sér umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og leggja álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat hennar til grundvallar. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögur að matsáætlun og umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og veitt umsagnir til Skipulagsstofnunar vegna þeirra í matsferlinu. Skipulagsstofnun fjallar í álitinu um málsmeðferð umhverfismatsins og telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að bæta við þá umfjöllun en leggur áherslu á eftirfarandi atriði.

a. Áhrif á vatn og jarðveg

- Fram kemur í matsskýrslu að Sorpurðun Vesturlands telji að hugsanleg áhrif á vatn og jarðveg séu einn helsti áhættuþátturinn í rekstri urðunarstaða. Einnig kemur fram að í samræmi við núgildandi starfsleyfi urðunarstaðarins hafi verið gerðar reglulegar mælingar á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti á urðunarsvæðinu í Fíflholtum. Því liggja fyrir ítarleg gögn frá síðustu 7 árum um magn og efnasamsetningu sigvatns, stöðu og samsetningu grunnvatns, magn og samsetningu yfirborðsvatns og mengunarefni í seti. Í umfjöllun Skipulagsstofnunar kemur fram að Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að einn helsti áhættuþáttur við rekstur urðunarstaða sé hætta á mengun vatns vegna útskolunar efna úr úrganginum og áhrif þess á vatn og jarðveg. Skipulagsstofnun telur hins vegar að þegar litið er til aðstæðna á urðunarstað þ.e. þéttleika jarðlaga, auk þess sem sigvatn er hreinsað og í ljósi fyrrnefndra niðurstaðna vöktunarmælinga miðað við núverandi magn séu ekki

Líkur á að fyrirhuguð árleg aukning urðunarmagns muni hafa neikvæð áhrif á vatn og jarðveg.

Umhverfisstofnun tekur undir þessi sjónarmið og telur telur að í starfsleyfi sé unnt að setja kröfur sem tryggja eiga að ekki verði um neikvæð áhrif á vatn og jarðveg að ræða. Umhverfisstofnun uppfærði kröfur um vöktun í hinu nýja starfsleyfi og er hún í nú í samræmi við reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

b. Fok úrgangs

- Í matskýrslu kemur fram að nokkuð hafi borið á því að úrgangur, einkum plastúrgangur, hafi fokið frá urðunarsvæðinu og safnast fyrir á Fíflholtsjörðinni og nærliggjandi jörðum og hann hafi verið tíndur upp og fjarlægður eftir því sem veður og mannaflí á hverjum tíma hafi leyft. Skipulagsstofnun telur að fok úrgangs frá urðunarsvæðinu hafi haft neikvæð áhrif nærumhverfi svæðisins á undanförunum árum. Skort hefur kortlagningu á dreifingu fokefna og greiningar á orsökum mikils foks, annarra en mikils vindstyrks. Fokinn úrgangur hefur verið til lýta í umhverfi urðunarstaðarins og hreinsun hans virðist hafa verið ábótavant. Fok úrgangs er sá umhverfisþáttur sem talinn er hafa haft hvað mest neikvæð áhrif í umsögnum og athugasemdum en framkvæmdaraðili hefur brugðist við á árinu 2020 með auknum mótvægisáðgerðum.
 - Í gr. 3.2 var bætt við kröfu um að rekstraraðili þyrfti að setja sér viðmið sem takmarka urðun ef vindur fer yfir viss mörk. Fylgjast ætti skipulega með foki úrgagsefna og lækka viðmið um hámarksvindstyrk í samræmi við það.
 - Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 4 í starfsleyfi er sérstaklega fjallað um móttöku og urðun úrgangs. Í gr. 4.4 í starfsleyfi er krafa um að úrgangur skal birgður samdægurs til að koma m.a. í veg fyrir fok.
 - Í gr. 2.4 er gerð krafa um að rekstraraðili haldi rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og skuli sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

c. Fuglar og meindýr

- Í matskýrslu kemur fram að í nágrenni urðunarstaðarins hafi sést mýs, minkar og refir. Á urðunarstaðnum sjálfum hafi nokkuð borið á ágangi máva og hrafna. Skipulagsstofnun telur að með því að framfylgja þeim mótvægisáðgerðum sem tilgreindar eru í matskýrslu, einkum með því að þekja úrgang jafnóðum og hann er urðaður og draga úr urðun lífræns úrgangs, megi draga úr ágangi fugla og annarra dýra í úrganginn. Nánari ákvæði um mótvægisáðgerðir og framfylgd þeirra þarf að setja í starfsleyfi.
 - Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 4 í starfsleyfi er sérstaklega fjallað um móttöku og urðun úrgangs. Í gr. 4.4 í starfsleyfi er krafa um að úrgangur skal birgður samdægurs til að koma m.a. í veg fyrir fok.

- Í gr. 2.4 er krafa um að rekstraraðili haldi rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og að svæðið skuli vera afgirt með girðingu. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.
- Í gr. 2.2 er sérstaklega fjallað um meindýravarnir og að rekstraraðili eigi að tryggja að meindýr og fuglar hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila.

d. Loft og lykt

- Í matsskýrslu kemur fram að hauggas myndist við urðun í tengslum við loftfirt niðurbrot á lífrænum úrgangi og ýti undir lofslagsáhrif og geti valdið lyktarmengun. Allt hauggas sem safnað er hefur verið brennt síðan í byrjun árs 2019 en ekki fundist hagkvæmari leið til nýtingar þess. Skipulagsstofnun vísar til þess að hauggasi hefur verið safnað frá 2019 og það brennt sem dregur úr áhrifum þess á loftgæði.
 - Umhverfisstofnun bendir á að söfnun og brennsla á hauggasi dregur einnig úr gróðurhúsaáhrifum.
 - Í gr. 3.5 er gerð krafa um að rekstraraðili safni hauggasi og skuli eftir fremsta megni leitast við að nýta gasið en brenna það ella.
 - Óheimilt er að urða sérsafnaðan heimilisúrgang eftir að lög nr. 103/2021 er breyta lögum nr. 55/2003 taka gildi þann 1. janúar 2023.
 - Haga skal frágangi þannig að hann valdi sem minnstum óþrífnaði eða ónæði svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða skv. gr. 2.1.

e. Hljóðvist

- Fram kemur að talsverð umferð sé um urðunarsvæðið við daglegan rekstur þess, m.a. vegna vinnuvéla og flutningabíla og muni umferð aukast samfara aukinni urðun með hávaða. Urðunarstaðurinn er hins vegar í töluverðri fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum, starfsemi er eingöngu á dagvinnutíma.
 - Umhverfisstofnun tekur undir þessi sjónarmið og bendir á að í gr. 3.6 kemur fram að rekstraraðili skuli draga úr hávaða og titringi eins og kostur er.

f. Landslag og sjónræn áhrif

- Fram kemur að ljóst sé að landslag á urðunarsvæðinu í Fíflholtum hafi tekið nokkrum breytingum frá því að urðun hófst þar. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er á mjög flötu landi. Framkvæmdin hefur ekki í för með sér ásynðarbreytingar miðað við núverandi aðstæður. Tíðni þess að flutningabílar sjáist þar losa úrgang mun eitthvað aukast og mikilvægt verður að ekki safnist á svæðið tæki/búnaður sem þar þarf ekki að vera og ekki myndist áberandi haugar t.d. af timburkurli sem kunna að auka neikvæð sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og sjónræn áhrif verði óveruleg.
 - Í gr. 2.4 er gerð krafa um að rekstraraðili skuli halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.

g. Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun aukning urðunar ekki hafa verulega neikvæð áhrif umfram það sem þegar er komið fram með núverandi urðun á svæðinu. Stofnunin metur það þannig að með þeim ákvæðum og kröfum í starfsleyfi varðandi hreinsibúnað sé dregið verulega úr áhrifum aukinnar urðunar á umhverfið en einnig er hægt að endurskoða fyrirkomulag þess verði vart við neikvæð umhverfisáhrif umfram það sem búist er við.

3. Umsagnir/athugasemdir við breytingatillöguna

Engar athugasemdir eða umsagnir bárust á auglýsingatíma.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Eftir auglýsingatíma var grein 1.2 um umfang starfseminnar uppfærð í samræmi við lög nr. 103/2021, einnig var grein 3.5 um hauggas einfölduð og heimild til brennslu á hauggasi í brennsluofni tekin út þar sem leyfið innifelur ekki í sér rekstur brennsluofns.

5. Gildistaka

Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir til 23 desember 2038.